

6  
26. jan.

# Reglugjörð

## um sjón skipstjórnarmanna.

Samkvæmt lögum nr. 42, 3. nóv. 1915 um atvinnu við siglingar, er hjer með sett eftirfarandi ákvæði um sjón skipstjóra, stýrimanna og formanna.

### 1. gr.

Skipstjórar og stýrimenn á skipum, sem eru yfir 12 lestir, skulu sanna með lækisvottorði, að þeir hafi minst sjónskerpuna  $\frac{1}{9}$  á öðru auga, og hinu auganu minst  $\frac{1}{24}$ , án glerja, og að þeir geti að minsta kosti greint grænt ljós frá rauðu ljósi í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi og sje eitt kertaljós í mælinum. Skal í vottorðinu skýrt frá sjónskerpum hvors auga fyrir sig án glerja og með glerjum, og ennfremur með hvaða aðferð litskygni hefir verið ákveðin.

Vottorð þetta skal endurnýjað á 10 ára fresti.

### 2. gr.

Formenn á vjelbát eða þilskipi 6—12 lesta að stærð, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir hafi minst sjónskerpuna  $\frac{1}{18}$  á betra auga, en  $\frac{1}{24}$  á hinu, án glerja, og að þeir geti að minsta kosti greint grænt ljós frá rauðu í 6 metra fjarlægð frá Gräfes Fotometer með 3 mm. ljósopi og sje eitt kertaljós í mælinum. Skal í vottorðinu skýrt frá sjónskerpum hvors auga fyrir sig án glerja og með glerjum, og ennfremur með hvaða aðferð litskygni hefir verið ákveðin.

Vottorð þetta skal endurnýjað á 10 ára fresti.

### 3. gr.

Í sambandi við ákvæðin í 1. og 2. gr. hjer á undan skal þess getið til leiðbeiningar fyrir lækna að það er handhæg en fullgild sönnun fyrir óskertri litskygni, ef lesnar eru skekkjulaust Stillings Pseudo-isochromatische Tafeln (Georg Thiemes Verlag, Leipzig).

**Í stjórnarráði Íslands, 26. janúar 1916.**

**Einar Arnórsson.**

Jón Hermannsson.